



Reykjavík, 14. október 2020

SFS2020050003

195. fundur

HG/hhv

MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Viðurkenningar fyrir meistaraverkefni í kennslu- og tómstundafræðum

Skóla- og frístundaráð samþykkti á fundi þann 13. september 2017 að veita árlega viðurkenningu fyrir meistaraverkefni í leikskólakennara-, grunnskólakennara- og tómstundafræðum sem eru unnin á vettvangi skóla- og frístundastarfs Reykjavíkurborgar og/eða hafa hagnýtt gildi fyrir framþróun formlegrar og óformlegrar menntunar í borginni.

Veittar eru allt að tólf viðurkenningar árlega fyrir slík verkefni og verðlaun fyrir hvert verkefni eru 250.000 kr. Markmið þessara verðlauna er að auka hagnýtingu rannsókna í fagstarfi með börnum og unglingum í borginni, vekja athygli á skóla- og frístundastarfi í borginni og hvetja meistaraneina til að gera Reykjavík að vettvangi rannsókna, náms og starfs. Efnt verður til kynninga á verðlaunaverkefnum fyrir stjórnendur og starfsfólk skóla- og frístundasviðs.

Upplýsingar um viðurkenningarnar er að finna á heimasíðu Reykjavíkurborgar <https://reykjavik.is/vidurkenning-fyrir-meistaraverkefni-i-kennslu-og-tomstundafradum>.

Auglýst var eftir umsóknum í febrúar og svo aftur í apríl 2020 og tekið fram að til álita kæmu verkefni sem lokið var við á tímabilinu 1. júní 2019 til 31. maí 2020. Þrettán umsóknir bárust að þessu sinni. Dórnafnd, skipuð sérfræðingum í starfi leikskóla, grunnskóla og frístundastarfs fór yfir umsóknir og valdi að þessu sinni sjö verkefni sem lagt er til að hljóti viðurkenningu.

Lagt er til að eftirfarandi verkefni hljóti viðurkenningu skóla- og frístundaráðs haustið 2020:

- 1) Helga Þórdís Guðmundsdóttir
Hljómleikur.
Verkefnið er unnið við listkennsludeild Listaháskóla Íslands.
- 2) Ingunn Elísabet Hreinsdóttir
Skapandi dans – Mótun handbókar fyrir danskennara í grunnskólum
Verkefnið er unnið við listkennsludeild Listaháskóla Íslands

3) Linda Rún Traustadóttir

Áskoranir í starfi leikskólastjóra - Dagarnir eru aldrei eins en alltaf uppfyllir af einhverju!

Verkefnið er unnið við deild kennslu- og menntunarfræða í Háskóla Íslands.

4) Melkorka Kjartansdóttir

Velkomin til starfa í leikskóla - Stafrænt fræðsluefni fyrir leiðbeinendur við upphaf starfs

Verkefnið er unnið við deild kennslu- og menntunarfræða í Háskóla Íslands

5) Rakel Guðmundsdóttir

Undir Regnboganum – Fyrstu skref trans barns í nýju kynhlutverki innan grunnskólans

Verkefni er unnið við deild menntundar- og margbreytileika í Háskóla Íslands.

6) Rut Ingvarsdóttir

Kraftaverkið ég – Námsfni í kynfræðslu fyrir yngsta stig grunnskóla

Verkefnið er unnið við kennaradeild Háskólans á Akureyri

7) Steinunn E. Benediktsdóttir

Ferðalag nýliða í heimilisfræðikennslu – Þroskasaga

Verkefnið er unnið er við deild heilsueflingar, íþróttar og tómstunda á Menntavísindasviði Háskóla Íslands

Skóla- og frístundaráð Reykjavíkur 2020

Viðurkenningar fyrir meistaraverkefni í kennslu- og tómstundafræðum – umsagnir um verðlaunaverkefni:

- 1) **Helga Þórdís Guðmundsdóttir** fær viðurkenninu fyrir meistaraverkefnið *Hljómleikur*. Verkefnið er unnið við listkennsludeild Listaháskóla Íslands. Um er að ræða kennslubók í ukulele- og hljómborðsleik fyrir byrjendur og er hún hugsuð sem söngeflandi námsefni fyrir miðstig grunnskóla eða forskóladeildir tónlistarskóla. Hvatt er til þess að lögin séu sungin jafnframt því að leika hljómana við textann og í verkefninu er vinnuferlinu lýst og hugmyndin að kennslubókinni sett í fræðilegt samhengi. Styrkur verkefnisins felst í hagnýtu gildi og um er að ræða vandað og vel unnið efni sem hvetur til sjálfsnáms, þátttöku og aukins sýnileika þeirra sem vilja þreifa sig áfram við lifandi undirleik í söng. Verkefnið hvetur til söngiðkunar og einfaldleiki þess er afar vel heppnaður. Um er að ræða mjög vandaða framsetningu á kennsluefni sem skapar auðvelda og markvissa leið til að vefa tónlistariðkun og söng inn í starf með börnum og ungmennum.
- 2) **Ingunn Elísabet Hreinsdóttir** fær viðurkenningu fyrir meistaraverkefnið *Skapandi dans – Mótun handbókar fyrir danskennara í grunnskólum*. Verkefnið er unnið við listkennsludeild Listaháskóla Íslands og tilgangur þess að skapa verkfæri í formi handbókar fyrir kennara til þess að sinna danskennslu í grunnskólum. Um er að ræða starfsendarannsókn þar sem höfundur vann með handbókina í þremur árgöngum í grunnskóla í Reykjavík auk þess sem tveir aðrir danskennarar voru fengnir til að prófa efnið. Handbókinni er ætlað að stuðla að fjölbreyttari danskennslu í grunnskólum og býður upp á margbreytileg verkefni fyrir fjölbreytta barnahópa. Verkið er viðamikíð, það er unnið af elju og dugnaði og með því er settur fram nýstárlegur fræðilegur grunnur í almenntri kennslu. Verkefnið vekur áhuga á málefni og trú á mikilvægi danskennslu í grunnskólum, ekki bara dansins vegna heldur vegna sköpunarinnar, hreyfingarinnar, tilfinningaþroska og jákvæðra áhrifa dansins á allt nám ef vel er staðið að.
- 3) **Linda Rún Traustadóttir** fær viðurkenningu fyrir meistaraverkefnið *Áskoranir í starfi leikskólastjóra - Dagarnir eru aldrei eins en alltaf uppfyllir af einhverju!* Verkefnið er unnið við deild kennslu- og menntunarfræða í Háskóla Íslands. Áskoranir í starfi leikskólastjóra koma vel fram og ólík sjónarhorn speglast í svörum þeirra sem stýra minni leikskólum og þeirra sem stýra stórum leikskólum með fleiri en eina starfsstöð. Verkefnið gefur vísbendingu um fjölbreytt og krefjandi starf leikskólastjóra og um er að ræða áhugaverðar niðurstöður sem finna þarf stað í umræðu og þróun leikskólastjórarstarfsins í framtíðinni. Í heild er þetta mjög vandað verk um lítt rannsakað en mikilvægt viðfangsefni. Rannsóknin bætir þekkingu við takmarkaðan fræðagrunn um viðhorf leikskólastjóra til starfs síns og áskoranir sem þeir takast á við. Nýta má áherslur í niðurstöðum til umræðu og frekari skoðunar hjá leikskólastjórum en einnig til þróunar starfs þeirra og stuðnings við þá af hálfu sveitarfélaga og stjórnvalda.
- 4) **Melkorka Kjartansdóttir** fær viðurkenningu fyrir meistaraverkefnið *Velkomin til starfa í leikskóla - Stafrænt fræðsluefni fyrir leiðbeinendur við upphaf starfs*. Verkefnið

er unnið við deild kennslu- og menntunarfræða í Háskóla Íslands með það að leiðarljósi að búa til fræðsluefni fyrir nýja leiðbeinendur í leikskólum og leiðbeiningar fyrir þá sem taka á móti þessum nýju leiðbeinendum um hvernig haga megí móttöku og starfsþjálfun. Fræðsluefnið er upplýsandi og faglegt og skiptist upp í fyrirlestur, bækling og leiðbeiningar. Vel er gætt á því að hafa efnið bæði lesvænt og á rafrænu formi auk myndbanda. Áhersla er lögð á að vanda vel til verka við móttöku nýliða en þannig er meðal annars hægt að stuðla að auknum áhuga ófaglærðra á leikskólastarfinu og þeim fræðum sem liggja þar að baki. Höfundur leggur sérstaka áherslu á umræður við leikskólakennara um innhald og upplifun og efnið býður þar að auki uppá að hver leikskóli nýti það á sinn hátt og bæti sínum áherslum við í samræmi við starfsáætlun og skólanamskrá leikskólans.

- 5) **Rakel Guðmundsdóttir** fær viðurkenningu fyrir meistaraverkefnið *Undir Regnboganum – Fyrstu skref trans barns í nýju kynhlutverki innan grunnskólans*. Verkefni er unnið við deild menntundar- og marbreytileika í Háskóla Íslands. Markmið rannsóknarinnar er að varpa ljósi á reynslu foreldris og skólasamfélags af því að styðja barn í gegnum það ferli að lifa samkvæmt öðru kynhlutverki en því var úthlutað við fæðingu. Verkefnið fjallar um málaflokk sem lítið hefur verið rætt um sem eru málefni trans barna í leik og grunnskóla. Höfundur nálgast verkefnið út frá eigin reynslu sem kennari barns sem er trans, hvernig það upplifir að grunnskólinn takist á við umræðu um hinsegin einstaklinga og það ferli sem fer af stað. Hagnýtt gildi þess felst í því að vekja upp spurningar um hvernig skóla- og frístundastarf þarf að nálgast umræðuna og auka meðvitund um hinsegin málefni. Varpað er ljósi á þær áskoranir sem og tækifæri sem leynast þar sem verið er að vinna að því að breyta hefðum og normum og hreyfa við rótgrónum kynjuðum veruleika.
- 6) **Rut Ingvarsdóttir** fær viðurkenningu fyrir meistaraverkefnið *Kraftaverkið ég – Námsefni í kynfræðslu fyrir yngsta stig grunnskóla*. Verkefnið er unnið við kennaradeild Háskólans á Akureyri og skiptist í þrjá hluta, fræðilega greinargerð, kennsluleiðbeiningar og námsbók í kynfræðslu fyrir 5-8 ára nemendur. Námsefnið er sett upp á aðgengilegan og einfaldan hátt með það að leiðarljósi að styðja við kennara sem geta notað námsefnið með fjölbreyttum og skemmtilegum kennsluaðferðum. Mikill skortur hefur verið á námsefni í kynfræðslu fyrir nemendur á yngsta stigi grunnskólans og hér er lagt fram efni sem byggir á hugmyndum um heildræna og alhliða kynfræðslu sem er til þess fallinn að auka bæði kyn- og félagsþroska barna. Lögð er áhersla á aðferðir jákvæðrar sálfræði sem byggir upp jákvæða sýn og upplifun af náminu. Um er að ræða gott og aðgengilegt verkfæri fyrir kennara og afar mikilvægt framlag til framþróunar í skólastarfi.
- 7) **Steinunn E. Benediktsdóttir** fær viðurkenningu fyrir meistaraverkefnið *Ferðalag nýliða í heimilisfræðikennslu – Þroskasaga* sem unnið er við deild heilsuefninga, íþróttar og tómstunda á Menntavísindasviði Háskóla Íslands. Verkefnið er starfendarannsókn í grunnskóla þar sem höfundur gerir grein fyrir eigin reynslu af fyrstu tveimur starfsárum

sínum við kennslu. Byggt er á fjölbreyttum gögnum sem höfundur safnaði á tímabilinu og lýsir þessi þroskasaga vel þeim áskorunum og hindrunum sem mæta henni sem nýjum verkgreinakennara og hvernig hún tekst á við þær. Lesandinn fær góða innsýn í heimilisfræðikennslu og verkefni nemenda en margir almennir kennarar geta án efa einnig speglað sig í þessari þroskasögu. Verkefnið rennir styrkum stoðum undir mikilvægi þess að vanda móttöku og umgjörð nýrra kennara, s.s. með leiðsögn, þjálfunaráætlun og/eða handbók. Einnig kemur glögggt fram hversu miklu máli það skipti fyrir starf höfundar þegar leiðsagnarnám var innleitt í skólann og þar með markviss ígrundun kennara og nemenda. Verkefnið hefur þannig yfirfærslugildi og getur nýst kennurum í svipuðum aðstæðum. Höfundur bendir jafnframt á leiðir til að bæta aðstæður nýliða í kennslu sem eiga erindi til þeirra sem ráða málum bæði innan og utan grunnskólans.